

KRÖFUHAFAFUNDUR SKULDABRÉFAEIGENDA HEIMA100646

verður haldinn þann 7. desember 2020

Stjórn Heimavalla hf. boðar hér með til fundar skuldabréfaeigenda í skuldabréfaflokki HEIMA100646, kl. 11:00 þann 7. desember 2020 í samræmi við útgáfulýsingu, dags. 6. desember 2016.

Dagskrá:

1. Tillaga útgefanda um nánar tilgreindar breytingar á skilmálum skuldabréfanna, sbr. viðhengi við fundarboð þetta.
2. Tillaga útgefanda um töku skuldabréfaflokksins HEIMA100646 úr viðskiptum hjá kauphöllinni Nasdaq Iceland.

Atkvæðisréttur skuldabréfaeigenda HEIMA100646 miðast við fjárhæðir hvers skuldabréfaeiganda sem hlutfall af útstandandi fjárhæð skuldabréfaflokksins við lok dags daginn fyrir fund skuldabréfaeigenda

Í ljósi sóttvarnareglna verður fundurinn haldinn í gegnum Microsoft Teams samskiptaforritið og eru kröfuhafar beðnir um að tilkynna um fundarsókn sína til veðgæsluaðila í pósthöfn gudmundur@lex.is sem mun í kjölfarið senda rafrænt fundarboð ásamt fundargögnum.

Athygli er vakin á því að ákvarðanir sem teknar eru með tilskyldum atkvæðafjölda á ályktanabærum kröfuhafafundi binda alla kröfuhafa.

Nánari upplýsingar veitir:

Erlendur Kristjánsson, fjárfestatengill/regluvörður, erlendur@heimavellir.is, s. 5173440

TILLÖGUR ÚTGEFANDA SKULDABRÉFA
TIL FRAMLAGNINGAR OG AFGREIÐSLU Á KRÖFUHAFAFUNDI Í SKULDABRÉFAFLOKKNUM
HEIMA100646 (ISIN: IS0000027381)

INNGANGUR

Heimavellir hf. („Heimavellir“) hafa farið fram á það við LEX ehf., sem umboðsmann kröfuhafa fyrir skuldabréfaeigendur í skuldabréfaflokknnum HEIMA100646 (ISIN: IS0000027381) að boðað verði til kröfuhafafundar hið fyrsta þar sem eftirfarandi tillögur verði bornar undir atkvæði kröfuhafa.

Heimavellir áforma að verði eftirfarandi tillögur samþykktar, muni Heimavellir sækja um að skuldabréfin verði tekin úr viðskiptum á skuldabréfamarkaði Nasdaq Iceland. Engin áform eru um að draga úr upplýsingagjöf eða breyta henni, að öðru leyti en því að í ljósi töku skuldabréfanna úr viðskiptum fara upplýsingar og tilkynningar ekki í gegnum fréttakerfi Nasdaq Iceland.

Eftir að skuldabréfin, ásamt skuldabréfum í flokknum HEIMA071248 og HEIMA1225 hafa verið tekin úr viðskiptum í kauphöllinni, mun Heimstaden AB, eða bein eða óbein dótturfélög þess, kaupa allt hlutafé Heimavalla og í tengslum við kaupin mun Heimstaden AB gefa út sjálfskuldarábyrgð fyrir skuldbindingum Heimavalla samkvæmt skuldabréfunum.

TILLÖGUR

A) Breytingar á skilmálum

Heimavellir gera tillögu um að skilmálum skuldabréfa í flokknum HEIMA100646 (ISIN: IS0000027381) sem fram koma í 2. kafla útgáfulýsingar, dags. 5. júlí 2016, undir fyrirsögninni „Upplýsingar um útgáfuna“ verði breytt á eftirfarandi hátt:

1. Ákvæði undir fyrirsögninni „Uppgreiðsluheimild“ skal breytt og skal nýjum málsgreinum bætt aftan við 3. mgr. ákvæðisins sem skulu vera svohljóðandi:

Uppgreiðsluheimild að vali útgefanda	Útgefanda er auk þess heimilt að innleysa skuldabréf að fullu á hvaða bankadegi sem er fram til 10. júní 2026, enda séu þá öll skuldabréfin innleyst en ekki aðeins sum þeirra, gegn greiðslu sem samsvarar „skaðleysisfjárhæðinni“ (sjá skilgreiningu hér á eftir). Útgefandi skal senda tilkynningu um innlausn á grundvelli þessarar greinar, með a.m.k. sjö (7) bankadaga fyrirvara, til skuldabréfaeigenda og umboðsmanns kröfuhafa. Í sérhverri tilkynningu samkvæmt framangreindu skal tiltekin dagsetning innlausnarinnar og viðkomandi viðmiðunardagur. Tilkynning samkvæmt framangreindu er óafturkræf en heimilt er að binda framkvæmd innlausnar skilyrðum. Að liðnum fyrrgreindum fyrirvara og að fullnægðum skilyrðum innlausnarinnar, ef við á, er útgefanda skylt að innleysa skuldabréfin að fullu með greiðslu viðeigandi fjárhæðar. Með hugtakinu „<i>skaðleysisfjárhæðin</i>“ að framan er átt við fjárhæð sem samsvarar samanlagðri fjárhæð: (i) núvirðis 100% útistandandi nafnverðsfjárhæðar skuldabréfanna á viðmiðunardegi; (ii) áföllnum verðbótum og áföllnum en ógreiddum vöxtum á viðmiðunardegi; og (iii) núvirðis ógreiddra vaxtagreiðslna samkvæmt skuldabréfunum fram að fyrsta degi sem umframgreiðsla er heimil (að honum meðtöldum) miðað við viðmiðunardag, þar sem núvirði skal reiknað út með því að nota arðsemiskröfu sem byggir á ávöxtunarkröfu RIKS 26 0216 á viðmiðunardegi, nema ef viðmiðunardagur er eftir gjalddaga RIKS 26 0216 en þá skal nota verðtryggt ríkisskuldabréf sem næst er á gjaldaga (RIKS 30 0701 m.v. núverandi útgáfur); og (iv) 0,5% uppgreiðslugjalds.
---	--

Útskýringar með tillögu:

Í núverandi ákvæði segir að útgefanda sé heimilt að umframgreiða skuldabréfin að hluta eða öllu leyti frá og með 10. júní 2026 gegn greiðslu á 0,5% uppgreiðslugjaldi af fjárhæð umfram hina samningsbundnu afborgun höfuðstóls og vaxta. Er nú lagt til að útgefandi geti auk þess innleyst skuldabréfin fyrir þann tíma að því gefnu að skuldabréfaeigendum sé tryggt skaðleysi af því að umframgreiðsla á sér stað fyrr en ella, eftir því sem nánar er mælt fyrir um í ákvæðinu.

2. Ákvæði undir fyrirsögninni „Hlutverk eftirlitsaðila“ skal breytt og skal eftirleiðis vera svohljóðandi:

Hlutverk eftirlitsaðila	Eftirlitsaðila ber að staðfesta og kanna sjálfstætt útreikninga útgefanda á fjárhagslegu skilyrði sérstakra skilyrða og tryggingarskilyrðum. Útgefandi skal birta skýrslur eftirlitsaðila á heimasíðu útgefanda og skal auk þess senda þær með tölvupósti til þeirra skuldabréfaeigenda sem óskað hafa eftir því og sem hafa gefið útgefanda upplýsingar um viðeigandi netföng í þeim tilgangi. Um skyldur eftirlitsaðila fer að öðru leyti skv. ákvæðum skuldabréfaflokksins og þjónustusamnings eftirlitsaðila við útgefanda gerðum á grundvelli skuldabréfaflokksins eða skuldabréfaflokkanna. Komi til þess að aðrir skuldabréfaflokkar verði síðar gefnir út með veðréttindum í sama eignasafni og þessi skuldabréfaflokkur skulu þeir innihalda ákvæði samhljóða þessu.
--------------------------------	---

Útskýringar með tillögu:

Eina breytingin sem lögð er til er að tilvísun til birtingar upplýsinga í gegnum fréttakerfi Nasdaq Iceland í lok síðustu málsgreinarinnar sé eytt, enda verði bréfin ekki lengur skráð í kauphöll, og í staðin fari birtin fram á vefsíðu útgefanda auk þess sem útgefandi sendi þeim sem þess óska upplýsingar með tölvupósti.

Hér að neðan eru breytingar sýndar til skýringar. Að því marki sem málsgreinar í ákvæðum eru óbreyttar eru þær ekki settar fram heldur aðeins þær sem taka breytingum og breytingar sýndar með þeim hætti að eyddur texti er sýndur með gegnumstrikun og nýr texti er sýndur með undirstrikun, eftir því sem við á:

Hlutverk eftirlitsaðila	Eftirlitsaðila ber að staðfesta og kanna sjálfstætt útreikninga útgefanda á fjárhagslegu skilyrði sérstakra skilyrða og tryggingarskilyrðum. Útgefandi skal birta skýrslur eftirlitsaðila <u>í fréttakerfi Nasdaq Iceland á heimasíðu útgefanda og skal auk þess senda þær með tölvupósti til þeirra skuldabréfaeigenda sem óskað hafa eftir því og sem hafa gefið útgefanda upplýsingar um viðeigandi netföng í þeim tilgangi.</u> Um skyldur eftirlitsaðila fer að öðru leyti skv. ákvæðum skuldabréfaflokksins og þjónustusamnings eftirlitsaðila við útgefanda gerðum á grundvelli skuldabréfaflokksins eða skuldabréfaflokkanna. Komi til þess að aðrir skuldabréfaflokkar verði síðar gefnir út með veðréttindum í sama eignasafni og þessi skuldabréfaflokkur skulu þeir innihalda ákvæði samhljóða þessu.
--------------------------------	---

3. Ákvæði 2. og 4. mgr. undir fyrirsögninni „Gjaldfellingarheimildir“ skal breytt og skulu þær eftirleiðis vera svohljóðandi:

Gjaldfellingarheimildir	Hafi greiðsla vaxta, verðbóta eða höfuðstóls ekki verið innt af hendi 30 dögum eftir gjalddaga er skuldabréfaeiganda heimilt að fella alla skuldina skv. skuldabréfaflokknum í gjalddaga með aðstoð veðgæsluaðila. Verði skuldabréfaflokkurinn gjaldfelldur skal veðgæsluaðili þegar í stað senda tilkynningu um slíkt til útgefanda sem samdægurs skal koma tilkynningunni til Nasdaq CSD SE, útibú á Íslandi, sem kemur henni áleiðis til skuldabréfaeigenda. Skirrist útgefandi við að senda tilkynningu frá veðgæsluaðila hefur veðgæsluaðili heimild til að senda slíka tilkynningu í nafni útgefanda og á hans kostnað. Skuldabréfaeigendum er heimilt að fella alla skuldina skv. skuldabréfaflokknum í gjalddaga (gjaldfelling) með aðstoð veðgæsluaðila í samræmi við ákvæði skuldabréfsins um samþykki fyrir gjaldfellingu, sbr. hér síðar, hafi tryggingarbréfum sem tryggja viðeigandi
--------------------------------	--

	réttindi eigenda skuldabréfaflokksins ekki verið þinglýst athugasemdalaust á fyrsta veðrétt á allar viðeigandi fasteignir og frumrit afhent veðgæsluaðila fyrir 31. desember 2016.
--	--

Útskýringar með tillögu:

Í 2. mgr. eru einu breytingarnar sem lagðar eru til eru að tilvísun til tilkynningar til Nasdaq Iceland er eytt, auk þess sem tilvísun til verðbréfaskráningar er uppfærð í ljósi samruna við Nasdaq CSD SE.

Í 4. mgr. er lagt til að eytt verði út tilvísun til þess að það sé gjaldfellingarheimild ef skuldabréfaflokkurinn hefur ekki verið tekinn til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland fyrir tiltekinn tíma.

Hér að neðan eru breytingar sýndar til skýringar. Að því marki sem málsgreinar í ákvæðum eru óbreyttar eru þær ekki settar fram heldur aðeins þær sem taka breytingum og breytingar sýndar með þeim hætti að eyddur texti er sýndur með gegnumstrikun og nýr texti er sýndur með undirstrikun, eftir því sem við á:

Gjaldfellingarheimildir	Hafi greiðsla vaxta, verðbóta eða höfuðstóls ekki verið innt af hendi 30 dögum eftir gjalddaga er skuldabréfaeiganda heimilt að fella alla skuldina skv. skuldabréfaflokknum í gjalddaga með aðstoð veðgæsluaðila. Verði skuldabréfaflokkurinn gjaldfelldur skal veðgæsluaðili þegar í stað senda tilkynningu um slíkt til útgefanda sem samdægurs skal koma tilkynningunni til Nasdaq Iceland og Nasdaq verðbréfaskráningar CSD SE, útibú á Íslandi, sem kemur henni áleiðis til skuldabréfaeigenda. Skirrist útgefandi við að senda tilkynningu frá veðgæsluaðila hefur veðgæsluaðili heimild til að senda slíka tilkynningu í nafni útgefanda og á hans kostnað. Skuldabréfaeigendum er heimilt að fella alla skuldina skv. skuldabréfaflokknum í gjalddaga (gjaldfelling) með aðstoð veðgæsluaðila í samræmi við ákvæði skuldabréfsins um samþykki fyrir gjaldfellingu, sbr. hér síðar, hafi skuldabréfaflokkurinn ekki verið tekinn til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland fyrir 31. desember 2016. Með sama hætti má fella alla skuldina í gjalddaga hafi tryggingarbréfum sem tryggja viðeigandi réttindi eigenda skuldabréfaflokksins ekki verið þinglýst athugasemdalaust á fyrsta veðrétt á allar viðeigandi fasteignir og frumrit afhent veðgæsluaðila fyrir 31. desember 2016.
--------------------------------	--

4. Á eftir ákvæði 4. mgr. undir fyrirsögninni „Gjaldfellingarheimildir“ skulu koma nýjar málsgreinar sem skulu vera svohljóðandi:

Gjaldfellingarheimildir	Sjálfskuldarábyrgð: Ef öll skuldabréf í skuldabréfaflokknum HEIMA071225, HEIMA071248 og HEIMA100646 hafa verið tekin úr viðskiptum í kauphöll og Heimstaden AB, skráð undir númerinu: 556670-0455, Östra Promenaden 7 A, 211 28 Malmö, Skåne län, eða beint eða óbeint dótturfélag þess, hefur ekki eignast allt hlutfé í útgefanda („Heimstaden kaupin“) innan 75 daga frá töku þeirra út viðskiptum eða Heimstaden AB hefur ekki samhliða Heimstaden kaupunum eða strax í kjölfar þeirra gefið út skuldbindandi sjálfskuldarábyrgð fyrir skuldum útgefanda skv. skuldabréfunum („ábyrgðin“). Gildistími ábyrgðarinnar: Ef ábyrgðin hefur verið gefin út í kjölfar Heimstaden kaupanna en hættir að vera í gildi á meðan skuld samkvæmt skuldabréfunum hefur ekki verið greidd upp að fullu, en þó skal vera heimilt að skipta út sjálfskuldarábyrgð Heimstaden AB fyrir sjálfskuldarábyrgð frá Heimstaden Bostad AB, skráð undir númerinu: 556864-0873, Östra Promenaden 7 A, 211 28 Malmö, Skåne län ef eignarhald á útgefanda skyldi fært til Heimstaden Bostad AB eða dótturfélaga þess og skal þá sú ábyrgð haldast í gildi þar til skuldir samkvæmt skuldabréfunum hafa verið að fullu greiddar.
--------------------------------	---

Útskýringar með tillögu:

Málgreinin sem lagt er til að bætt verður við varðar það boð Heimstaden AB að gangast undir sjálfskuldarábyrgð fyrir skuldum Heimavalla skv. skuldabréfinu að tilteknum skilyrðum uppfylltum. Þau skilyrði lúta að því að Heimstaden AB eða eitthvert beint eða óbeint dótturfélag þess hafi eignast allt hlutfé í Heimavöllum.

5. Ákvæði undir fyrirsögninni „Sérstök skilyrði“ skal breytt þ.a. breyting verður á málsgrein a) undir fyrirsögninni „Tilkynning á vanefnd“ og skal hún eftirleiðis vera svohljóðandi:

Sérstök skilyrði	Tilkynning á vanefnd: Útgefandi skuldbindur sig til að tilkynna skuldabréfaeigendum skriflega þegar í stað, ef hann verður var við að hvers kyns vanefndartilvik skv. skilmálum þessum hafi átt sér stað. Jafnframt skal útgefandi tilkynna um gjaldfellingarheimildir ef þær eru fyrir hendi hjá öðrum lánveitendum. Skrifleg tilkynning skv. ákvæði þessu telst fullnægjandi sé hún send með ábyrgðarpósti.
-------------------------	--

Útskýringar með tillögu:

Eina breytingin sem lögð er til er að tilvísun til þess að tilkynning sé send í gegnum fréttakerfi Nasdaq Iceland er eytt.

Hér að neðan eru breytingar sýndar til skýringar. Að því marki sem málsgreinar í ákvæðum eru óbreyttar eru þær ekki settar fram heldur aðeins þær sem taka breytingum og breytingar sýndar með þeim hætti að eyddur texti er sýndur með gegnumstrikun og nýr texti er sýndur með undirstrikun, eftir því sem við á:

Sérstök skilyrði	Tilkynning á vanefnd: Útgefandi skuldbindur sig til að tilkynna skuldabréfaeigendum skriflega þegar í stað, ef hann verður var við að hvers kyns vanefndartilvik skv. skilmálum þessum hafi átt sér stað. Jafnframt skal útgefandi tilkynna um gjaldfellingarheimildir ef þær eru fyrir hendi hjá öðrum lánveitendum. Skrifleg tilkynning skv. ákvæði þessu telst fullnægjandi sé hún send rafraent í gegnum fréttakerfi Nasdaq Iceland hafi skuldabréfaflokkurinn verið tekinn til viðskipta, en með ábyrgðarpósti hafi hann ekki verið tekinn til viðskipta.
-------------------------	--

6. Ákvæði undir fyrirsögninni „Sérstök skilyrði“ skal breytt þ.a. breyting verður á málsgrein b) undir fyrirsögninni „Fjárhagslegt skilyrði“, nánar tiltekið undir undirfyrirsögninni „Prófunardagar“ og skal hún eftirleiðis vera svohljóðandi:

Sérstök skilyrði	Prófunardagar: Fjármálakvöðin skal reiknast af útgefanda tvisvar sinnum á ári. Efnahagsliðir miðast við punktstöðu á uppgjörssdegi. Prófunardagur skal vera eigi síðar en 2 vikum eftir undirritun ársreiknings annars vegar og 6 mánaða uppgjörss hins vegar. Fyrsti prófunardagur tekur mið af ársuppgjöri ársins 2016. Útgefandi skal senda eftirlitsaðila öll nauðsynleg gögn innan 2ja vikna frá prófunardegi. Eftirlitsaðili skal skila skýrslu sinni eigi síðar en 2 vikum þaðan í frá og skal útgefandi birta skýrslu eftirlitsaðila á heimasíðu sinni og skal auk þess senda þær með tölvupósti til þeirra skuldabréfaeigenda sem óskað hafa eftir því og sem hafa gefið útgefanda upplýsingar um viðeigandi netföng í þeim tilgangi.
-------------------------	---

Útskýringar með tillögu:

Eina breytingin sem lögð er til er að tilvísun til þess að skýrslan skuli birt í fréttakerfi Nasdaq Iceland er eytt.

Hér að neðan eru breytingar sýndar til skýringar. Að því marki sem málsgreinar í ákvæðum eru óbreyttar eru þær ekki settar fram heldur aðeins þær sem taka breytingum og breytingar sýndar með þeim hætti að eyddur texti er sýndur með gegnumstrikun og nýr texti er sýndur með undirstrikun, eftir því sem við á:

Sérstök skilyrði	Prófunardagar: Fjármálakvöðin skal reiknast af útgefanda tvisvar sinnum á ári. Efnahagsliðir miðast við punktstöðu á uppgjörssdegi. Prófunardagur skal
-------------------------	---

	vera eigi síðar en 2 vikum eftir undirritun ársreiknings annars vegar og 6 mánaða uppgjors hins vegar. Fyrsti prófunardagur tekur mið af ársuppgjöri ársins 2016. Útgefandi skal senda eftirlitsaðila öll nauðsynleg gögn innan 2ja vikna frá prófunardegi. Eftirlitsaðili skal skila skýrslu sinni eigi síðar en 2 vikum þaðan í frá og skal útgefandi birta skýrslu eftirlitsaðila í fréttakerfi Nasdaq Iceland hafi skuldabréfaflokkurinn verið tekinn til viðskipta á heimasíðu sinni og skal auk þess senda þær með tölvupósti til þeirra skuldabréfaeigenda sem óskað hafa eftir því og sem hafa gefið útgefanda upplýsingar um viðeigandi netföng í þeim tilgangi.
--	---

7. Ákvæði undir fyrirsögninni „Sérstök skilyrði“ skal breytt þ.a. breyting verður á málsgrein h) undir fyrirsögninni „Upplýsingar“ og skal hún eftirleiðis vera svohljóðandi:

Sérstök skilyrði	Upplýsingar: Útgefandi skal birta alla útreikninga sína vegna sérstakra skilyrða á heimasíðu útgefanda eigi síðar en 8 vikum eftir lok þess fjárhagstímabils sem útreikningarnir taka til og skal auk þess senda þær með tölvupósti til þeirra skuldabréfaeigenda sem óskað hafa eftir því og sem hafa gefið útgefanda upplýsingar um viðeigandi netföng í þeim tilgangi.
-------------------------	--

Útskýringar með tillögu:

Eina breytingin sem lögð er til er að tilvísun til þess að útreikningar skuli birtir í fréttakerfi Nasdaq Iceland er eytt.

Hér að neðan eru breytingar sýndar til skýringar. Að því marki sem málsgreinar í ákvæðum eru óbreyttar eru þær ekki settar fram heldur aðeins þær sem taka breytingum og breytingar sýndar með þeim hætti að eyddur texti er sýndur með gegnumstrikun og nýr texti er sýndur með undirstrikun, eftir því sem við á:

Sérstök skilyrði	Upplýsingar: Útgefandi skal birta alla útreikninga sína vegna sérstakra skilyrða í fréttakerfi Nasdaq Iceland á heimasíðu útgefanda eigi síðar en 8 vikum eftir lok þess fjárhagstímabils sem útreikningarnir taka til og skal auk þess senda þær með tölvupósti til þeirra skuldabréfaeigenda sem óskað hafa eftir því og sem hafa gefið útgefanda upplýsingar um viðeigandi netföng í þeim tilgangi.
-------------------------	---

8. Ákvæði undir fyrirsögninni „Sérstök skilyrði“ skal breytt þannig að við bætist ný málsgrein í lokin sem skal vera svohljóðandi:

Sérstök skilyrði	Engin verðbirting, skráning eða viðskipti á verðbréfamarkaði: Skuldabréfin eru ekki, og skulu ekki vera, skráð, verð þeirra birt, þau tekin til viðskipti eða viðskipti eiga sér stað með þau á skipulegum eða óskipulegum (OTC) verðbréfamarkaði og óheimilt skal að birta verð, skrá þau, eiga viðskipti með eða taka þau til viðskipta á neinum skipulegum eða óskipulegum verðbréfamarkaði.
-------------------------	---

Útskýringar með tillögu:

Breytingin lítur að því að skuldabréfin séu ekki og skuli ekki vera skráð, verð birt, viðskipti átt eða þau tekin til viðskipta á verðbréfamarkaði.

9. Ákvæði 3. mgr. undir fyrirsögninni „Samþykki fyrir gjaldfellingu“ skal breytt og skal eftirleiðis vera svohljóðandi:

Samþykki fyrir gjaldfellingu	Veðgæsluaðili annast fundarboðun og skal ávallt boða til fundar með að lágmarki tveggja vikna fyrirvara. Veðgæsluaðili sendir tilkynningu til útgefanda sem samdægurs skal koma tilkynningunni til Nasdaq CSD SE, útibú á Íslandi, sem kemur henni áleiðis til skuldabréfaeigenda. Skirrist útgefandi við að senda tilkynningu frá veðgæsluaðila hefur veðgæsluaðili heimild til að senda slíka tilkynningu í nafni útgefanda og á hans kostað. Að sama skapi og með sama hætti skal birta fundargögn og niðurstöður fundar.
-------------------------------------	--

Útskýringar með tillögu:

Einu breytingarnar sem lagðar eru til eru að tilvísun til tilkynningar til Nasdaq Iceland er eytt, auk þess sem tilvísun til verðbréfaskráningar er uppfærð í ljósi samruna við Nasdaq CSD SE.

Hér að neðan eru breytingar sýndar til skýringar. Að því marki sem málsgreinar í ákvæðum eru óbreyttar eru þær ekki settar fram heldur aðeins þær sem taka breytingum og breytingar sýndar með þeim hætti að eyddur texti er sýndur með gegnumstrikun og nýr texti er sýndur með undirstrikun, eftir því sem við á:

Samþykki fyrir gjaldfellingu	Veðgæsluaðili annast fundarboðun og skal ávallt boða til fundar með að lágmarki tveggja vikna fyrirvara. Veðgæsluaðili sendir tilkynningu til útgefanda sem samdægurs skal koma tilkynningunni til Nasdaq Iceland eða Nasdaq verðbréfamistöðvar CSD SE, útibú á Íslandi, sem kemur henni áleiðis til skuldabréfaeigenda. Skirrist útgefandi við að senda tilkynningu frá veðgæsluaðila hefur veðgæsluaðili heimild til að senda slíka tilkynningu í nafni útgefanda og á hans kostað. Að sama skapi og með sama hætti skal birta fundargögn og niðurstöður fundar.
-------------------------------------	--

10. Ákvæði 2. mgr. undir fyrirsögninni „Skilmálabreyting“ skal breytt og skal eftirleiðis vera svohljóðandi:

Skilmálabreyting	Fundarboð, fundargögn og niðurstöður fundar um skilmálabreytingar skulu sendar Nasdaq CSD SE, útibú á Íslandi, sem kemur þeim áleiðis til skuldabréfaeigenda og skal veðgæsluaðili hlutast til um að útgefandi birti slíkar upplýsingar.
-------------------------	--

Útskýringar með tillögu:

Einu breytingarnar sem lagðar eru til eru að tilvísun til tilkynningar til Nasdaq Iceland er eytt, auk þess sem tilvísun til verðbréfaskráningar er uppfærð í ljósi samruna við Nasdaq CSD SE.

Hér að neðan eru breytingar sýndar til skýringar. Að því marki sem málsgreinar í ákvæðum eru óbreyttar eru þær ekki settar fram heldur aðeins þær sem taka breytingum og breytingar sýndar með þeim hætti að eyddur texti er sýndur með gegnumstrikun og nýr texti er sýndur með undirstrikun, eftir því sem við á:

Skilmálabreyting	Fundarboð, fundargögn og niðurstöður fundar um skilmálabreytingar skulu birt í fréttakerfi Nasdaq Iceland eða sendar Nasdaq verðbréfamistöð CSD SE, útibú á Íslandi, sem kemur þeim áleiðis til skuldabréfaeigenda á meðan skuldabréfaflokkurinn er óskráður og skal veðgæsluaðili hlutast til um að útgefandi birti slíkar upplýsingar.
-------------------------	--

B) Umsókn um töku skuldabréfa úr viðskiptum hjá Nasdaq Iceland:

Heimavellir gera þá tillögu að hafi tilskilið hlutfall samþykkt tillögur Heimavalla um breytingu á skilmálum skuldabréfanna sem fram koma undir A) lið hér að framan, þá sé eftirfarandi tillaga jafnframt samþykkt:

„Heimavellir hf. skal sækja um töku skuldabréfa í flokknum HEIMA100646 úr viðskiptum hjá kauphöll Nasdaq Iceland eins fljótt og kostur er.“